



## Fundargerð

5. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 13:00 fimmtudaginn 7. desember 2023, haldinn í Fjölheimum.

### Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga  
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu (í fjarfundi)  
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands (í fjarfundi)

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

### Dagskrá

1. Verkefni undanfarið og framundan
2. Starfsáætlun 2024 - drög
3. Rekstraráætlun 2024 – drög
4. Önnur mál

### Verkefni síðastliðinna mánuði og það sem er framundan

Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni undanfarið og framundan en í ljósi dagskrár þá verður áhersla fundarins áætlanir fyrir 2024.

### Samningar við sveitarfélög

Erindi um endurnýjun samninga sveitarfélaganna við Markaðsstofu Suðurlands. 11 sveitarfélög hafa endurnýjað samninginn, 9 til þriggja ára og 2 til eins árs að sinni. Svör hafa borist frá einu sveitafélagi og tvö hafa hafnað áfram samstarfi.

Rætt var um að gera frétt um að Hveragerði kom aftur í samstarf og samdi til eins árs.

*Framundan er kynning fyrir Rangárþingi eystra og senda samninga til rafrænnar undirritunar.*

## Könnun til samstarfsfyrirtækja

Í síðustu viku var könnun send út til samstarfsfyrirtækja og fór framkvæmdastóri yfir það helsta sem hefur nú þegar komið fram í svörum við henni. Niðurstöður og ábendingar verða nýttar til að efla enn frekar starfsemi Markaðsstofunnar og koma betur til móts við þarfir og skoðanir greinarinnar.

## Áætlanir 2024

- Starfsáætlun 2024 - Framkvæmdastjóri kynnir drög að starfsáætlun ársins 2024 og fer yfir þær uppfærslur sem er búið að gera.

Rætt var sérstaklega um samning við Íslandsstofu, þar sem þau eru að skoða að breyta þeirra samningum við markaðsstofurnar. Stjórn Markaðsstofu Suðurlands lýsir áhyggjum af stöðunni en framkvæmdastjóra falið að vinna áfram með öðrum markaðsstofum landshlutanna að efni samnings.

- Rekstraráætlun 2024 – Framkvæmdastjóri kynnir drög að rekstraráætlun ársins 2024.

## Önnur mál

- Framkvæmdastjóri ræðir jólagjafir til starfsmanna. Einnig frí milli jóla og nýárs eins og verið hefur.
- Það barst erindi frá ráðuneytinu að tilnefna í svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Framkvæmdastjóra falið að finna aðila.
- Rætt var mögulegt fyrirkomulag og dagsetningar fyrir aðalfund. Dagskrá með hefðbundnu sniði; aðalfundur, málþing, kynningaferð og árshátíð. Starfsmönnum falið að skoða hvað er í boði, dag- og tímasetningar.

Fundi slitið kl. 15.30